

**Mál nr. 308/2021****M og  
V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um gildissvið kaskótryggingar vegna atviks 30. september 2020.****Gögn.**

Málskot, móttekið 11. ágúst 2021.

Bréf V dags. 31. ágúst 2021, ásamt tjónstilkynningu M til V.

Frekari athugasemdir M ódags.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið að aka yfir hraðahindrun þegar bifreið hans skellist eða rekst niður þannig að hún fær högg á framenda. Afleiðingar þessa hafi verið „...skemmd á húddi og öryggisbúnaði (Pup UP Hood)“.

M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V þar sem hann telur að tjón hafi orðið á bifreiðinni við „...áakstur/högg.“ á „...hraðahindrun/götu.“ í greint sinn. M vísar til 3. gr. váttryggingarskilmála þar sem áakstur sé tilgreindur sem eitt af þeim tjónsatvikum sem tryggingin tekur til. M bendir einnig á að umboðsaðili bifreiðarinnar hafi útilokað með skoðun að það hafi orðið bilun í búnaði bifreiðarinnar þannig að undanþáguákvæði gr. 5.3 í váttryggingarskilmálum eigi ekki við. M leggur áherslu á að við áakstur hafi búnaður í húddi bifreiðar hans virkjast.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur að tjón á bifreið M falli ekki undir bótasvið kaskótryggingar hans þar sem það stafi ekki af þeim tjónsorsökum sem þar séu taldar upp. V telur að akstur yfir hraðahindrun geti ekki falið í sér áakstur þar sem það orð feli í sér að aka á eitthvað.

**Álit.**

Af gögnum málsins og lýsingu M í tjónstilkynningu og málskoti verður ekki annað ráðið en að bifreið M hafi verið ekið ofan á og yfir hraðahindrun á Langatanga þegar bifreiðin skelltist eða rakst niður með þeim afleiðingum að búnaður í húddi virkjaðist og olli þannig tjóni á bifreiðinni. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að það tjón hafi orðið á undirvagni bifreiðarinnar eða þannig að hraðahindrun sem ekið var yfir hafi verið t.d. þannig óvenjulega há að hætta væri á því að bifreiðum geti verkið ekið beint á hana. Þekkt er að ef ekið er of hratt yfir hraðahindranir getur hluti bifreiðar skellst niður á þær. Þeim aðstæðum verður ekki jafnað við áakstur í skilningi gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar V. Verður því ekki séð af þeim gögnum sem lögð voru fram í málinu að tjón á bifreið M hafi hlotist af áakstri í skilningi skilmálanna.

**Niðurstaða.**

Tjón M er ekki bótaskyldt úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 19. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.